

# Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

---

## 18. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar.

Fundurinn var haldinn þriðjudaginn 26. júlí 2011 að Þverá í Eyja- og Miklaholtshreppi og hófst kl. 21:00.

### Mættir voru:

Halldór Jónsson, Þverá.

Benedikt Benediktsson, Saurum.

Jóhannes Eyberg Ragnarsson, Hraunhálsi.

Pröstur Aðalbjarnarson, Stakkhamri.

Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi, sem einnig ritaði fundargerð.

### Dagskrá fundarins:

1. Erindi dags. 08.07.2011 frá Jóhannesi Eyberg Ragnarssyni og Guðlaugu Sigurðardóttur, Hraunhálsi.  
Sótt er um byggingarleyfi fyrir 33 m<sup>2</sup> viðbyggingu við íbúðarhúsið að Hraunhálsi. Með erindinu fylgdu uppdrættir frá Mannviti.  
**Jóhannes Eyberg Ragnarsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.**  
**Samþykkt.**
2. Erindi dags. 01.07.2011 frá Jörundi Svavarssyni, Hrísakoti. Sótt er um byggingarleyfi fyrir sambyggt hesthús og geitahús að Völlum. Með erindinu fylgdu uppdrættir frá teikni- og verkfræðipjónustunni Cedrus ehf.  
**Samþykkt.**
3. Erindi dags. 28.06.2011 frá Magnúsi V. Vésteinssyni, Hólum.  
Sótt er um leyfi fyrir landskiptum úr landi Hóla 1. Nýja landið mun heita Hólar 5. Með erindinu fylgdi afstöðuuppdráttur dags. mars 2011, unnið af Ólafi K. Guðmundssyni, einnig samþykki aðliggjandi lóðarhafa.  
**Samþykkt.**
4. Erindi frá Magnúsi Kristjánssyni kt. 29.09.43-2219, Bólstaðahlíð 66, Reykjavík f.h. Farfuglaheimilisins kt. 41.06.04-4690, Borgarbraut 22, 340 Stykkishólmi.  
Sótt er um leyfi fyrir deiliskipulagi fyrir Helluland úr landi Hrísa.  
Um er að ræða blandaða byggð frístundahúsa og íbúðarhúss.  
Með erindinu fylgdi uppdráttur sem sýnir friðlýstar minjar á svæðinu, unnin af Magnúsi A. Sigurðssyni, minjaverði Vesturlands hjá Fornleifavernd ríkisins.  
Einnig fylgdi með skipulagsuppdráttur unnin af Ólafi K. Guðmundssyni dags. apríl 2011. Gert er ráð fyrir 41 byggingarreit undir smáhýsi allt að 80 m<sup>2</sup>. Einnig byggingarreit fyrir íbúðarhús 250 m<sup>2</sup> og geymslu 220 m<sup>2</sup> að stærð.  
**Í ljósi þess að aðalskipulag sveitarfélagsins er nú í lokaafgreiðslu fyrir auglýsingu hjá Skipulagsstofnun skv. skipulagslögum, telur nefndin sér ekki fært um að afgreiða erindið að svo stöddu. Umsækjanda er bent á að gera athugasemd við aðalskipulagið á kynningar- og auglýsingartíma þess, þar sem landnotkun í aðalskipulaginu samræmist ekki erindinu.**

# Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

---

5. Erindi dags. 26.05.2011 frá Jóni Þór Þorvaldssyni, Úti og inni ehf, fyrir hönd Mílu ehf. Sótt er um leyfi til að reisa stálgittermastur og tækjahús fyrir Mílu ehf í landi Borgarlands á reit þar sem RÚV er með aðstöðu. Mastrið verður 30 m hátt fyrir örbylgjusenda. Allur tækjabúnaður verður inni í tækjahúsi. Með erindinu fylgdu upprættir frá Úti Inni arkitektum dags. 25.05.2011 og 19.07.2011. Einnig samþykki landeiganda fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum.

**Samþykkt.**

6. Erindi frá Gunnari Sturlusyni, Hrísdal. Sótt er um leyfi fyrir útlitsbreytingu á hlöðu að Hrísdal, um er að ræða þakglugga. Með erindinu fylgdu teikningar frá Límtré Vírneti í Borgarnesi.

**Samþykkt.**

7. Erindi dags. 10.06.2011 frá Ásgeiri Gunnari Jónssyni f.h. Gyðu Jónsdóttur. Sótt er um leyfi fyrir gestahúsi á lóðinni Kvíakinn 3 í landi Þverár.

**Halldór Jónsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.**

**Samþykkt.**

8. Erindi dags. 25.05.2011 frá Verkfræðistofu Hauks Ásgeirssonar f.h. Miðhrauns ehf. Sótt er um leyfi fyrir 342 m<sup>2</sup> / 1.043 m<sup>3</sup> starfsmannahúsi á lóð Lynghaga.

**Samþykkt með fyrirvara um samþykki aðliggjandi lóðarhafa vegna fjarlægðar frá lóðarmörkum.**

9. Erindi dags. 11.05.2011 frá Kristni Guðjóni Kristinssyni. Sótt er um byggingarleyfi fyrir stækkun sumarhúss í landi Borgar.

**Samþykkt.**

10. Erindi dags. 25.05.2011 frá Verkfræðistofu Hauks Ásgeirssonar f.h. lóðarhafa. Sótt er um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi á lóðinni Stórákrók nr. 1. Með erindinu fylgdu teikningar frá Gísla Gunnarssyni, Teiknistofunni Kvarða.

**Samþykkt með fyrirvara um samræmi við deiliskipulag Stórákróks og að skilað verði inn leiðréttum teikningum.**

11. Til kynningar:

- a) Svar Skipulagsstofnunar vegna fyrirspurnar um breytingu á deiliskipulagi Svelgsársvirkjunar.
- b) Aðalskipulag Helgafellssveitar.
- c) Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps.

12. Önnur mál.

**Ekkert tekið fyrir undir liðnum önnur mál.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og staðfest. Fundi slitið kl. 22.50.

Sign.